

Landhelgisgæsla Íslands
b.t. Sveinn Valdimarsson
Þjóðbraut 1
262 Reykjanesbær

Reykjavík 30. janúar 2019
UST201901-096/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Öryggissvæði - Keflavíkurflugvöllur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa öryggissvæðis Keflavíkurflugvallar er barst 10. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir öryggissvæðis Keflavíkurflugvallar.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulags nær til þess svæðis sem skilgreint er sem öryggissvæði á Keflavíkurflugvelli. Afmörkun svæðisins er í samræmi við auglýsingu um landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða nr. 720/2015. Einnig kemur fram í greinargerð að deiliskipulagstillagan tekur m.a til svæðis fyrir hættulegan farm, skammtíma gistaðstöðu, efnisvinnslusvæði, gistisvæði, geymslusvæði, girðingar, byggingareita og fráveitu.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála er á skipulagssvæðinu, þar sem kæmi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert er ástand viðtakans.

Einnig bendir stofnunin á, að ef þörf sé á úrbótum í fráveitumálum og þá þarf að koma fram hver stefna framkvæmdaaðilas sé varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta sé.

Umhverfisskýrsla

Í greinargerð kemur fram að fjallað verður um í umhverfisskýrslu þá umhverfisþætti sem líklega verða fyrir áhrifum deiliskipulags. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjalla sé um lífríki og náttúrufar í umhverfisskýrslu tillögunnar, en m.a. vestan við skipulagssvæðið er mikilvæg sjófuglabbyggð samkvæmt vistgerðakorti (<http://vistgerdakort.ni.is/>) Náttúrufræðistofnunar Íslands. Svæðið sem hér um ræðir


kallast Rosmhvalanes, en samkvæmt staðreyndasíðu Náttúrufræðistofnunar er þar langstærsta sílamáfsvarp landsins þar sem rúmlega 40 þúsund pör voru þar árið 2004.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur